

## Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2022.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og matvælaráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipaðu eftirfarandi:

Aðalheiður Jóhannsdóttir stjórnarformaður og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands, en Kári Hólmur Ragnarsson leysti Pétur af hólmi 15. mars;

Anna Jóhannsdóttir og Birgir Hrafn Búason af hálfu utanríkisráðuneytisins;

Brynhildur Benediktsdóttir og Arnór Snæbjörnsson af hálfu matvælaráðuneytisins, en Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir og Agnar Bragi Bragason leystu Brynhildi og Arnór af hólmi 26. október.

Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Stjórnin hélt tvo fundi á árinu, í apríl (rafrænt) og október.

Hafréttarstofnun gekkst ásamt Háskólanum í Færeyjum fyrir alþjóðaráðstefnu um alþjóðleg fiskveiðilög („Persistent and Emerging Challenges in International Fisheries Law“), í Þórshöfn í Færeyjum, 23.-25. júní. Um 70 manns tóku þátt í ráðstefnunni. Forstöðumaður stýrði pallborði um lögsögu dómstóla í fiskveiðideilum og Stefán Ásmundsson frá utanríkisráðuneytinu flutti erindi um fiskveiðar og viðræður um samning um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika hafsins utan lögsögu ríkja (BBNJ). Björn Kunoy, prófessor við Háskólann í Færeyjum, og forstöðumaður vinna að útgáfu bókar með greinum frá ráðstefnunni.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vefsíðu hennar: [www.faroeislandsfisherieslawconference2022.com](http://www.faroeislandsfisherieslawconference2022.com).

Hafréttarstofnun er ein sex stofnana sem stendur að Ródos-akademíunni í hafrétti og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti á Ródos í Grikklandi er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum og var það haldið 3.-22. júlí í ár. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í fyrstu tveimur vikum námskeiðsins. Alls tóku 42 þátt í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun veitti fimm þátttakendum frá Íslandi styrki til þátttöku í námskeiðinu: Önnu Jóhannsdóttur, Aroni Frey Jóhannssyni, Bjarka Þórssyni, Elínu Björgu Ragnarsdóttur og Jóni Þrándi Stefánssyni. Enn fremur veitti stofnunin fjórum einstaklingum frá þróunarlöndum, Argentínu, Fídjí-eyjum, Nígeríu og Síerra Leóne, styrki til þátttöku í námskeiðinu, en þróunarsamvinnuskristofa utanríkisráðuneytisins veitti sérstakt framlag vegna þriggja síðastnefndu styrkjanna.

Hinn 7. október gekkst Hafréttarstofnun fyrir örnámskeiði í hafrétti fyrir almenning í samstarfi við Sjávarklasann og var það haldið í húsi klasans. Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans, opnaði námskeiðið og forstöðumaður, Birgir Hrafn

Búason og Snjólaug Árnadóttir frá HR fluttu kennslufyrirlestra. Námskeiðið var vel sótt og spunnust líflegar umræður eftir fyrirlestrana.

Í tilefni af 40 ára afmæli hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna í ár gengust Háskólinn í Hamborg og Hafréttarstofnun fyrir ráðstefnu („Dynamics of the Constitution for the Oceans: UNCLOS at 40“) í Hamborg 9. og 10. desember. Um 80 manns tóku þátt í ráðstefnunni.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vefsíðu hennar: [www.unclosdynamics.com](http://www.unclosdynamics.com).

Forstöðumaður er meðhöfundur kafla um „Common Heritage of Mankind“ (sameiginleg arfleifð mannkyns) sem birtur var í ár í ritinu *Elgar Encyclopedia of Human Rights*.

Forstöðumaður hélt kennslufyrirlestra í eftirfarandi háskólum og stofnunum á árinu, ýmist í eigin persónu eða rafrænt: Lagadeild Háskóla Íslands í febrúar og mars; Queen Mary University of London, School of Law, Lundúnum, Bretlandi, í febrúar og apríl; Háskólanum í Ankara, Tyrklandi, í apríl; GMU Academy on Oceans Law and Policy, Gujarat Maritime University, Gujarat, Indlandi, í maí; IMO International Maritime Law Institute, Msida, Möltu, í maí; British Institute of International and Comparative Law (BIICL), Lundúnum, Bretlandi, í júní og desember; Ródos-akademíunni í hafrétti, Ródos, Grikklandi, í júlí; Kadir Has International Law of the Sea Academy, Istanbul, Tyrklandi, í júlí; Brazilian XVIII International Law Winter Program, Belo Horizonte, Brasilíu, í júlí; IFLOS Summer Academy, Hamborg, Þýskalandi, í ágúst; örnámskeið Hafréttarstofnunar í hafrétti fyrir almenning, Sjávarklasanum, í október.

Forstöðumaður þáði enn fremur boð um þátttöku í eftirfarandi ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra, ýmist í eigin persónu eða rafrænt, um málefni á sviði hafréttar: 45th Annual Conference on Oceans Law & Policy, Kuala Lumpur, Malasíu, í mars; Conference on UNCLOS at 40, Centre of International Law, Singapúr, í mars; 10th International Conference on Maritime Law, Athens, Grikklandi, í maí; Volterra Fietta Webinar on Dispute Settlement under UNCLOS, Lundúnum, Bretlandi, í júní; London Conference on International Law 2022, Lundúnum, Bretlandi, í október; Event to Commemorate the Fortieth Anniversary of the United Nations Convention on the Law of the Sea (UNCLOS), Alþjóðasiglingamálastofnuninni, Lundúnum, Bretlandi, í nóvember.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í hafrétti við deildina.